

A dark blue vertical bar on the left side of the page. A blue arrow points to the right from the bar, containing the text "2021-2022".

2021-2022

# Bekkjarnámskrá

Eldra stig

A series of thin, curved lines in dark blue and light grey, resembling stylized grass or reeds, extending from the bottom left towards the center of the page.

Sigurður Jónsson  
LAUGARGERÐISSKÓLI

## Efnisyfirlit

Almennt.....	4
Íslenska 6. bekkur .....	4
Hæfniviðmið.....	4
Skipulag kennslunnar .....	5
Grunnþættir menntunar .....	5
Námsmat .....	6
Íslenska 8. bekkur .....	6
Hæfniviðmið.....	6
Skipulag kennslunnar .....	7
Grunnþættir menntunar .....	7
Námsmat .....	8
Íslenska 10. bekkur.....	8
Hæfniviðmið.....	9
Skipulag kennslunnar .....	10
Grunnþættir menntunar .....	11
Námsmat .....	12
Stærðfræði 6. bekkur .....	12
Hæfniviðmið.....	12
Skipulag kennslunnar .....	13
Grunnþættir menntunar .....	13
Námsmat .....	13
Stærðfræði 8. og 10. bekkur.....	14
Hæfnisviðmið: .....	14
Grunnþættir menntunar .....	14
Skipulag kennslunnar .....	15
Námsmat .....	15
Enska 6. bekkur .....	15
Hæfniviðmið.....	15
Skipulag kennslunnar .....	15
Grunnþættir menntunar .....	16
Námsmat .....	16
Enska 8. og 10. bekkur.....	16
Hæfniviðmið.....	16
Skipulag kennslunnar .....	17
Grunnþættir menntunar .....	17

Námsmat .....	18
Danska 6.bekkur .....	18
Hæfniviðmið .....	18
Skipulag kennslunnar .....	19
Grunnþættir menntunar .....	19
Námsmat .....	19
Danska 8 bekkur .....	20
Hæfniviðmið .....	20
Skipulag kennslunnar .....	20
Grunnþættir menntunar .....	20
Námsmat .....	21
Danska 10. bekkur .....	21
Hæfniviðmið .....	21
Skipulag kennslunnar .....	22
Grunnþættir menntunar .....	22
Námsmat .....	23
Samfélagsfræði 6. bekkur .....	23
Hæfniviðmið .....	23
Skipulag kennslunnar .....	24
Grunnþættir menntunar .....	24
Námsmat .....	24
Samfélagsfræði 8. og 10. bekkur .....	24
Hæfniviðmið .....	24
Skipulag kennslunnar .....	25
Grunnþættir menntunar .....	25
Námsmat .....	26
Náttúrufræði 6. - 10. bekkur .....	26
Hæfniviðmið .....	26
Hæfniviðmið .....	27
Skipulag kennslunnar .....	27
Grunnþættir menntunar .....	27
Námsmat .....	28
Lífsleikni 6.-10.bekkur - Mannréttindafræðsla .....	28
Skipulag kennslunnar .....	29
Grunnþættir menntunar .....	29
Námsmat .....	30

Mynd- og handmennt 6.-10. bekkur .....	30
Hæfniviðmið .....	30
Grunnþættir menntunar .....	30
Námsmat .....	31
Skólaþróttir 6-10. bekkur .....	31
Hæfniviðmið .....	31
Skipulag kennslunnar .....	32
Grunnþættir menntunar .....	32
Námsmat .....	32

# Bekkjarnámskrá

## Eldra stigs

### Almennt

---

Á eldra stigi eru 5 nemendur í 6., 8. og 10. bekk

Lykilhæfni er metin þvert á námsgreinar á sérstöku námsmatsblaði.

Umsjónarkennari er Sigurður Jónsson

### Íslenska 6. bekkur

---

*Kennari: Sigurður Jónsson*

240 mínútur á viku.

#### Hæfniviðmið

##### Talað mál, hlustun og áhorf

Stefnt er að því að nemendur geti:

- flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas
- hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni
- átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi
- tjáð sig skýrt og áheyrilega og geri sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
- 

##### Lestur og bókmenntir

Stefnt er að því að nemendur geti:

- lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað,
- notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta,
- greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta,
- lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann,
- lesið gamlar og nýjar bók menntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglíngum,
- greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap,
- beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap,
- aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðuleika upplýsinga,
- lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær,
- valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju

## Ritun

Stefnt er að því að nemendur geti:

- skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær
- beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda

## Málfræði

Stefnt er að því að nemendur geti:

- beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess
- áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra
- beiti þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og geri sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.

## Skipulag kennslunnar

Kennslufyrirkomulag er mismunandi eftir verkefnum og umfangi þeirra. Nemendur vinna ýmist í hópavinnu, paravinnu eða einstaklingsvinnu. Nemendur vinna í vinnubókum, á tölvu, úti og inni, í skólastofunni, á ganginum og bókasafninu. Lestur og lesskilningur æfður markvisst í 20 mínútur fyrsta tíma hvers dags og áhersla er lögð á heimalestur. Farið er sameiginlega yfir ákveðna þætti málfræði og stafsetningar og æfingar gerðar út frá þeim. Nemendur æfast í að lesa mismunandi texta og textagerðir og vinna með þá. Nemendur gera að minnsta kosti eina bókmenntaritgerð í tölvu og vinna hana að mestu í skólanum. Nemendur æfa reglulega framsögn og tjáningu. Þeir fá æfingar í gagnrýninni hugsun, að mynda sér skoðun og rökstyðja. Með samvinnunni efla samskiptagreind sína og hæfni til að leysa samskiptavanda, hlutverkaskipti og að hlusta á aðra. Farið verður í markvissa vinnu við að auka lesskilning og orðaforða

## Námsefni

Orðspor 1, lesbók og vinnubók. Mál til komið, lesbók og vinnubók. Ýmiskonar efni af vefsíðum, myndir og myndbönd, bækur og fleira tilfallandi.

## Grunnþættir menntunar

**Læsi:** Það að vera læs er meira en að kunna að kveða að og umskrá bókstafi yfir í hljóð. Það er kannski frekar að geta nýtt sér táknerfi ýmiskonar til þess að skapa merkingu og eiga í samskiptum. Læsi er því einnig að geta hlustað og meðtekið upplýsingar og komið frá sér því sem okkur liggur á hjarta á skilmerkilegan hátt.

Við erum að sífelld að skapa merkingu innra með okkur, móttaka upplýsingar og vinna úr þeim. Mikilvægi þess að nemendur afli sér þekkingar á fjölbreyttan hátt, fái síðan að vinna efni upp úr þeirri þekkingaröflun og skapa merkingabæra afurð er mikilvæg í íslensku sem öðrum greinum. Þá er ekki síður mikilvægt að nemendur fái að miðla þekkingu sinni á fjölbreyttan hátt. Til dæmis í ráðu, riti sem og á stafrænan hátt eða með myndmáli.

**Sjálfbærni:** Eitt af markmiðum íslenskunnar er að gæta hennar og flytja hana til afkomenda okkar í sem bestu ástandi. Tungumál sem er notað daglega er lifandi og ávallt í þróun og því er mikilvægt að taka tillit til þess í allri kennslu. Í umræðum er þess gætt að gildi, viðhorf og tífningar nemenda fái notið sín og séu virtar af hópnum.

Lýðræði og mannréttindi; eru nátengd læsishugtakinu. Umræða og umfjöllun nemenda um málefni líðandi stundar sem hin stærrí mál eru forsenda þess að þau verði tilbúin til þess að taka þátt á virkan og ábyrgan

hátt í lýðræðislegu samfélagi. Þetta er stór hluti af öllu námi barnanna hvort heldur sem er í íslensku eða öðrum greinum. Rökræður verða seint ofþjálfðar.

Í öllum umræðum þarf að hafa opinn huga, vera tilbúinn að hlusta, ræða og læra. Mikilvægt er að taka á og fjalla um fordóma og staðal hugmyndir. Gæta þarf að orðum sínum og fjalla um málefni af virðingu og með umburðarlyndi að leiðarljósi. Umhyggja er eitt lykilhugtak lýðræðisins og þá jafnt fyrir fólki, dýrum sem umhverfi.

Reynt er að koma til móts við nemendur með verkefnavali og útfærslur þeirra.

**Jafnrétti:** Mikilvægt er að fjölbreyttur nemendahópur fái notað sín sem best þannig að hver og einn hafi tækifæri til þess að þroskast á eigin forsendum.

Jafnrétti kynjanna er mikið í umræðunni og unglíngum hugleikin. En það er ekki síður að huga að jafnrétti í víðara samhengi, varðandi til dæmis trúarbrögð, útlit, þjóðerni, kynhneigð eða félagslega stöðu.

**Heilbrigði og velferð:** Grunnur að því að nám eigi sér stað er að nemendum líði vel, hvort heldur líkamlega, andlega eða félagslega. Til þess þarf að skapa góðan bekkjaranda þar sem traust og virðing eru í hávegum höfð.

**Sköpun.** Eitt af lykilhugtökum íslenskukennslunnar. Í náminu felst að nema, vinna úr og miðla. Miðlunin er tengd sköpuninni og hvernig nemandi nær að nýta sér þekkingu sína við sköpun og miðlun hennar. Mikilvægt er að virkja sköpunarkraftinn hjá hverjum og einum þannig að hann nýtist við að skapa og miðla fjölbreyttum hugmyndum og verkefnum. Sköpun er þó ekki síður mikilvæg við að afla sér þekkingar en við miðlun hennar. Virk og skapandi hugsun getur gert mikið úr litlu.

## Námsmat

Yfir veturinn eru framfarir metnar: Nemendur taka lestrarpróf að hausti, í byrjun janúar og í maí. Fleiri lestrarpróf verða lögð fyrir ef þurfa þykir. Lesferill MMS er lagður fyrir.

Nemendur taka ýmis könnunarpróf reglulega.

Námsmat byggist mest á vinnu í tímum, verkefnum og könnunum

## Íslenska 8. bekkur

---

*Kennari: Sigurður Jónsson*

240 mínútur á viku.

### Hæfniviðmið

#### Talað mál, hlustun og áhorf

Stefnt er að því að nemendur geti:

- flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas
- hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni
- átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi
- tjáð sig skýrt og áheyrilega og geri sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar

## Lestur og bókmenntir

Stefnt er að því að nemendur geti:

- gert sér grein fyrir aðalatriðum í texta og helstu efnisorðum
- lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað
- aukið orðaforða sinn í íslensku
- greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða
- beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákni og stílbrögð

## Ritun

Stefnt er að því að nemendur geti:

- skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær
- beitt reglum um réttiritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda

## Málfræði

Stefnt er að því að nemendur geti:

- beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess
- áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra
- beiti þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og geri sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.

## Skipulag kennslunnar

Kennslufyrirkomulag er mismunandi eftir verkefnum og umfangi þeirra. Nemendur vinna ýmist í hópavinnu, paravinnu eða einstaklingsvinnu. Nemendur vinna í vinnubókum, á tölvu, úti og inni, í skólastofunni, á ganginum og bókasafninu. Lestur og lesskilningur æfður markvisst í 20 mínútur fyrsta tíma hvers dags og áhersla er lögð á heimalestur. Farið er sameiginlega yfir ákveðna þætti málfræði og stafsetningar og æfingar gerðar út frá þeim. Nemendur æfast í að lesa mismunandi texta og textagerðir og vinna með þá. Nemendur gera að minnsta kosti eina bókmenntaritgerð í tölvu og vinna hana að mestu í skólanum. Nemendur æfa reglulega framsögn og tjáningu. Þeir fá æfingar í gagnrýninni hugsun, að mynda sér skoðun og rökstyðja. Með samvinnunni efla samskiptagreind sína og hæfni til að leysa samskiptavanda, hlutverkaskipti og að hlusta á aðra. Farið verður í markvissa vinnu við að auka lesskilning og orðaforða

## Námsefni

„Kveikjur“ les- og vinnubók í almennri íslenskukennslu. Valin verkefni af skolavefurinn.is og mms.is sem efla læsi, málfræðipekkingu og færni í stafsetningu. Heimavinna verður aðallega heimalestur en mikil áhersla er lögð á hann.

## Grunnþættir menntunar

**Læsi:** Það að vera læs er meira en að kunna að kveða að og umskrá bókstafi yfir í hljóð. Það er kannski frekar að geta nýtt sér táknerfi ýmiskonar til þess að skapa merkingu og eiga í samskiptum. Læsi er því einnig að geta hlustað og meðtekið upplýsingar og komið frá sér því sem okkur liggur á hjarta á skilmerkilegan hátt.

Við erum að sífellt að skapa merkingu innra með okkur, móttaka upplýsingar og vinna úr þeim. Mikilvægi



Þess að nemendur afli sér þekkingar á fjölbreyttan hátt, fái síðan að vinna efni upp úr þeirri þekkingaröflun og skapa merkingabæra afurð er mikilvæg í íslensku sem öðrum greinum. Þá er ekki síður mikilvægt að nemendur fái að miðla þekkingu sinni á fjölbreyttan hátt. Til dæmis í ræðu, riti sem og á stafrænan hátt eða með myndmáli.

**Sjálfbærni:** Eitt af markmiðum íslenskunnar er að gæta hennar og flytja hana til afkomenda okkar í sem bestu ástandi. Tungumál sem er notað daglega er lifandi og ávallt í þróun og því er mikilvægt að taka tillit til þess í allri kennslu. Í umræðum er þess gætt að gildi, viðhorf og tiffinningar nemenda fái notið sín og séu virtar af hópnum.

Lýðræði og mannréttindi; eru nátengd læsishugtakinu. Umræða og umfjöllun nemenda um málefni líðandi stundar sem hin stærrí mál eru forsenda þess að þau verði tilbúin til þess að taka þátt á virkan og ábyrgan hátt í lýðræðislegu samfélagi. Þetta er stór hluti af öllu námi barnanna hvort heldur sem er í íslensku eða öðrum greinum. Rökræður verða seint ofþjálfaðar.

Í öllum umræðum þarf að hafa opinn huga, vera tilbúinn að hlusta, ræða og læra. Mikilvægt er að taka á og fjalla um fordóma og staðal hugmyndir. Gæta þarf að orðum sínum og fjalla um málefni af virðingu og með umburðarlyndi að leiðarljósi. Umhyggja er eitt lykilhugtak lýðræðisins og þá jafnt fyrir fólki, dýrum sem umhverfi.

Reynt er að koma til móts við nemendur með verkefnavali og útfærslur þeirra.

**Jafnrétti:** Mikilvægt er að fjölbreyttur nemendahópur fái notið sín sem best þannig að hver og einn hafi tækifæri til þess að þroskast á eigin forsendum.

Jafnrétti kynjanna er mikið í umræðunni og unglíngum hugleikin. En það er ekki síður að huga að jafnrétti í víðara samhengi, varðandi til dæmis trúarbrögð, útlit, þjóðerni, kynhneigð eða félagslega stöðu.

**Heilbrigði og velferð:** Grunnur að því að nám eigi sér stað er að nemendum líði vel, hvort heldur líkamlega, andlega eða félagslega. Til þess þarf að skapa góðan bekkjaranda þar sem traust og virðing eru í hávegum höfð.

**Sköpun.** Eitt af lykilhugtökum íslenskukennslunnar. Í náminu felst að nema, vinna úr og miðla. Miðlunin er tengd sköpuninni og hvernig nemandi nær að nýta sér þekkingu sína við sköpun og miðlun hennar. Mikilvægt er að virkja sköpunarkraftinn hjá hverjum og einum þannig að hann nýtist við að skapa og miðla fjölbreyttum hugmyndum og verkefnum. Sköpun er þó ekki síður mikilvæg við að afla sér þekkingar en við miðlun hennar. Virk og skapandi hugsun getur gert mikið úr litlu.

## Námsmat

Yfir veturinn eru framfarir metnar: Nemendur taka lestrarpróf að hausti, í byrjun janúar og í maí. Fleiri lestrarpróf verða lögð fyrir ef þurfa þykir. Lesferill MMS er lagður fyrir.

Nemendur taka ýmis könnunarpróf reglulega.

Námsmat byggist mest á vinnu í tímum, verkefnum og könnunum

## Íslenska 10. bekkur

*Kennari: Sigurður Jónsson*

240 mínútur á viku.

## Hæfniviðmið

### Talað mál, hlustun og áhorf

Stefnt er að því að nemendur geti:

- flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.
- gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu.
- nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.
- hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni
- nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt,
- átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.

### Lestur og bókmenntir

Stefnt er að því að nemendur geti:

- lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað,
- skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi og m.a. valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur,
- greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða
- gert sér grein fyrir eðli og ein kennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því,
- lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta,
- beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð,
- notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum,
- unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér
- valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.
- leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess,

## Ritun

Stefnt er að því að nemendur geti:

- skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær.
- beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.
- tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.
- beitt reglum um réttiritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.
- valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa við komandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.
- notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um.
- skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann.

## Málfræði

Stefnt er að því að nemendur geti:

- beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess
- valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun.
- flett upp í handbókum, orða söfnum og rafrænum orða bönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.
- áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.
- notað fleyg orð, algeng orð tók, málshætti og föst orða sambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni.
- gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýskna.
- áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífelld
- áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap.
- gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum.

## Skipulag kennslunnar

Kennslufyrirkomulag er mismunandi eftir verkefnum og umfangi þeirra. Nemendur vinna ýmist í hópavinnu, paravinnu eða einstaklingsvinnu. Nemendur vinna í vinnubókum, á tölvu, úti og inni, í skólastofunni, á ganginum og bókasafninu. Lestur og lesskilningur æfður markvisst í 20 mínútur fyrsta tíma hvers dags og áhersla er lögð á heimalestur. Farið er sameiginlega yfir ákveðna þætti málfræði og

stafsetningar og æfingar gerðar út frá þeim. Nemendur æfast í að lesa mismunandi texta og textagerðir og vinna með þá. Nemendur gera að minnsta kosti eina bókmenntaritgerð í tölvu og vinna hana að mestu í skólanum. Nemendur æfa reglulega framsögn og tjáningu. Þeir fá æfingar í gagnrýninni hugsun, að mynda sér skoðun og rökstyðja. Með samvinnunni efla samskiptagreind sína og hæfni til að leysa samskiptavanda, hlutverkaskipti og að hlusta á aðra. Farið verður í markvissa vinnu við að auka lesskilning og orðaforða

### Námsefni

„Logar“ verður notuð að miklu leyti í almennri íslenskukennslu. Valin verkefni af skolavefurinn.is og mms.is sem efla læsi, málfræðipækkingu og færni í stafsetningu. Heimavinna verður aðallega heimalestur en mikil áhersla er lögð á hann.

## Grunnþættir menntunar

**Læsi:** Það að vera læs er meira en að kunna að kveða að og umskrá bókstafi yfir í hljóð. Það er kannski frekar að geta nýtt sér táknerfi ýmiskonar til þess að skapa merkingu og eiga í samskiptum. Læsi er því einnig að geta hlustað og meðtekið upplýsingar og komið frá sér því sem okkur liggur á hjarta á skilmerkilegan hátt.

Við erum að sífellt að skapa merkingu innra með okkur, móttaka upplýsingar og vinna úr þeim. Mikilvægi þess að nemendur afli sér þekkingar á fjölbreyttan hátt, fái síðan að vinna efni upp úr þeirri þekkingaröflun og skapa merkingabæra afurð er mikilvæg í íslensku sem öðrum greinum. Þá er ekki síður mikilvægt að nemendur fái að miðla þekkingu sinni á fjölbreyttan hátt. Til dæmis í ræðu, riti sem og á stafrænan hátt eða með myndmáli.

**Sjálfbærni:** Eitt af markmiðum íslenskunnar er að gæta hennar og flytja hana til afkomenda okkar í sem bestu ástandi. Tungumál sem er notað daglega er lifandi og ávallt í þróun og því er mikilvægt að taka tillit til þess í allri kennslu. Í umræðum er þess gætt að gildi, viðhorf og tiffinningar nemenda fái notið sín og séu virtar af hópnum.

Lýðræði og mannréttindi; eru nátengd læsishugtakinu. Umræða og umfjöllun nemenda um málefni líðandi stundar sem hin stærri mál eru forsenda þess að þau verði tilbúin til þess að taka þátt á virkan og ábyrgan hátt í lýðræðislegu samfélagi. Þetta er stór hluti af öllu námi barnanna hvort heldur sem er í íslensku eða öðrum greinum. Rökræður verða seint ofþjálfðar.

Í öllum umræðum þarf að hafa opinn huga, vera tilbúinn að hlusta, ræða og læra. Mikilvægt er að taka á og fjalla um fordóma og staðal hugmyndir. Gæta þarf að orðum sínum og fjalla um málefni af virðingu og með umburðarlyndi að leiðarljósi. Umhyggja er eitt lykilhugtak lýðræðisins og þá jafnt fyrir fólki, dýrum sem umhverfi.

Reynt er að koma til móts við nemendur með verkefnavali og útfærslur þeirra.

**Jafnrétti:** Mikilvægt er að fjölbreyttur nemendahópur fái notið sín sem best þannig að hver og einn hafi tækifæri til þess að þroskast á eigin forsendum.

Jafnrétti kynjanna er mikið í umræðunni og unglíngum hugleikin. En það er ekki síður að huga að jafnrétti í víðara samhengi, varðandi til dæmis trúarbrögð, útlit, þjóðerni, kynhneigð eða félagslega stöðu.

**Heilbrigði og velferð:** Grunnur að því að nám eigi sér stað er að nemendum líði vel, hvort heldur líkamlega, andlega eða félagslega. Til þess þarf að skapa góðan bekkjaranda þar sem traust og virðing eru í hávegum höfð.

**Sköpun.** Eitt af lykilhugtökum íslenskukennslunnar. Í náminu felst að nema, vinna úr og miðla. Miðlunin er tengd sköpuninni og hvernig nemandi nær að nýta sér þekkingu sína við sköpun og miðlun hennar. Mikilvægt er að virkja sköpunarkraftinn hjá hverjum og einum þannig að hann nýtist við að skapa og miðla

fjölbreyttum hugmyndum og verkefnum. Sköpun er þó ekki síður mikilvæg við að afla sér þekkingar en við miðlun hennar. Virk og skapandi hugsun getur gert mikið úr litlu.

## Námsmat

Yfir veturinn eru framfarir metnar: Nemendur taka lestrarpróf að hausti, í byrjun janúar og í maí. Fleiri lestrarpróf verða lögð fyrir ef þurfa þykir. Lesferill MMS er lagður fyrir.

Nemendur taka ýmis könnunarpróf reglulega.

Námsmat byggist mest á vinnu í tímum, verkefnum og könnunum.

## Stærðfræði 6. bekkur

---

*Kennari: Sigurður Jónsson*

Kennslustundir: 300 mínútur á viku

### Hæfniviðmið

Við lok 6. bekkjar geti nemandi:

- spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði,
- leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á eigin reynslu og þekkingu,
- rökrætt af innsæi stærðfræðiverkefni og rökstutt eigin niðurstöður og skilið röksemdir sem settar eru fram af öðrum,
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn s.s. tölur og aðgerðamerki og tengt við daglegt mál
- valið og notað hentug verkfæri, svo sem hlutbundin gögn og vasareikni, talnalinur og reiknirit við lausn stærðfræðiverkefna
- þróað fjölbreyttar lausnaleyðir við þrautalausnir með því að nota skráningu með texta, tölum og teikningum,
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna þar sem byggt er á ólíkum hugmyndum nemenda,
- notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman,
- notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi,
- skráð hlutföll og brot á ólíka vegu,
- leyst viðfangsefni úr daglegu lífi með hugarreikningi, vasareikni og skriflegum útreikningum,
- nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, svo sem víxlreglu og tengireglu,
- rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt,
- fundið lausnir á einföldum jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar,
- notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði,
- rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum,
- notað mælikvarða og lögun í tengslum við teikningar, ummál, flatarmál og rúmmál,
- áætlað og mælt horn, þyngd, tíma, hitastig með viðeigandi mælikvarða,
- notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni,
- tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti,
- safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau m.a. með töflum og myndritum,
- gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim
- reiknað út líkur í einföldum tilvikum

## Skipulag kennslunnar

### **Kennsluáðferðir:**

Nemendur vinna að mestu leyti sjálfstætt í námsbókum og fá aðstoð eftir þörfum. Kennari leggur inn helstu þætti og aðaláherslur hvers kafla og tekur fyrir ákveðna þætti eftir þörfum jafnóðum og þeir koma upp. Námið er aðlagð að þörfum hvers og eins með mismunandi fjölda dæma, ítrekuðum æfingum og aukinni aðstoð við þá sem þess þurfa.

Stærðfræði er vel fallin til samþættingar við aðrar greinar svo sem myndmennt og verður lögð áhersla á að nýta þau tækifæri sem gefast til samþættingar.

### **Heimanám**

Ætlast er til að nemendur reikni heima á hverjum virkum degi.

### **Námsgögn**

- Stika 2a og 2b. Reikningsbækur, gráðubogi, reglustika, hringfari, reiknivél.
- Önnur námsgögn frá kennara, s.s. teningar, spil, vinnublöð og annað efni.
- Valið efni til að mæta sérstökum þörfum einstakra nemenda.

## Grunnþættir menntunar

- Læsi á tákni og miðla stærðfræðinnar er forsenda skilnings nemandans. Með þjálfun í að leysa verkefni í hóp og ræða ólíkar lausnir öðlast nemendur færni í að tjá sig með hugtökum stærðfræðinnar og verða læsir á hin ólíku birtingarform hennar. Markmið læsis er að nemendur verði virkir þátttakendur í leggja merkingu í það sem fengist er við hverju sinni.
- Sjálfbærni í stærðfræðikennslunni beinist að lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem nemendum gefst kostur á að ræða og leysa verkefni í sameiningu og finna bestu lausnir. Auk þess fá þeir innsýn í hvernig stærðfræði nýtist meðal annars til að finna lausnir á vandamálum daglegs lífs.
- Lýðræði og mannréttindi endurspeglast í virkni nemenda í tímum við að leita lausna, miðla eigin þekkingu og virða framlag annarra. Með einstaklingsbundnum áætlunum læra nemendur að virða sérstöðu hvers annars en um leið að setja sjálfum sér hæfileg markmið.
- Jafnrétti í stærðfræðikennslunni birtist fyrst og fremst í því að allir nemendur fái verkefni og námsefni við hæfi og að þörfum þeirra sé mætt af skilningi og virðingu. Kennari leggur sig fram um að gera öllum nemendum kleift að auka þekkingu sína og hæfni á eigin forsendum og hraða og beita fjölbreyttum aðferðum í því augnamiði.
- Heilbrigði og velferð nemenda er undirstaða náms og er lögð áhersla á að skapa góðan félagsanda og bekkjarbrag í skólastofunni. Jákvæð samskipti, samhjálp og virðing stuðlar að góðri og jákvæðri sjálfsmynd nemenda og hugrekki til að tjá sig um eigin hugmyndir og taka þátt í uppbyggilegum skoðanaskiptum um verkefni stærðfræðinnar.
- Sköpun er veigamikill þáttur í þrautalausnum stærðfræðinnar. Nemendur skulu hvattir til að beita skapandi hugsun og leita fjölbreyttra leiða til að finna lausnir á verkefnum sínum. Nemendur verði þess áskynja að sjaldan er aðeins til ein rétt lausn á vanda eða verkefni og oftast má beita margs konar aðferðum til að fá sömu niðurstöðu.

## Námsmat

Kaflapróf úr grunnefni

## Stærðfræði 8. og 10. bekkur

---

*Kennari: Sigurður Jónsson*

300 mínútur á viku

### Hæfnisviðmið:

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Að nemendur geti:

- Tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga og meta þær, finna lausnir, m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum, neyslu og þróun samfélagsins

Rúmfræði og mælingar

Að nemendur geti:

- notað rauntölur og greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum.
- leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.
- notað sätiskerfisriðhátt og sýnt að hann skilur þær reglur sem gilda um hann.
- tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi, nýtt vasareikni og tölvur í þeim tilgangi
- nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim.
- gefið dæmi um mismunandi framsetningu hlutfalla og brota, skýrt sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.
- notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðarhlutföll, innbyrðis afstöðu lína, færslur og fræðilega eiginleika tví- og þrívíðra forma.
- mælt ummál, flöt og rými, reiknað stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu.
- teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, rannsakað, lýst og metið samband milli hlutar og teikningar af honum.
- notað mælikvarða og unnið með einslaga form, útskýrt setningu Pýþagórasar og reglu um hornasummu í marghyrningi og beitt henni í margvíslegu samhengi. Einnig gert rannsóknir á rétthyrndum þríhyrningum og reiknað hliðarlengdir og horn út frá þekktum eiginleikum.

Tölfræði og líkindi

Að nemendur geti:

- Notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn.
- Skipulagt og framkvæmt einfaldar tölfræðikannanir og dregið ályktanir af þeim.
- Lesið, skilið og lagt mat á upplýsingar um líkindi sem birtar eru á formi tölfræði, t.d. í fjölmiðlum.

### Grunnþættir menntunar

- Læsi. Að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskrifa táknmál stærðfræðinnar og öðlast þannig góðan skilning á henni og geta beitt henni í daglegu lífi

- Sjálfbærni. Stærðfræði er mikilvæg til að gera sér grein fyrir og skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem vikur borgari og meðvitaður um gildi samfélagsins t.d. sem tæki til að mæla losun úrgangs.
- Lýðræði og mannréttindi. Mikilvægt er að nemendur beri virðingu hver fyrir öðrum og áhugi nemenda á stærðfræði vakin og þeir beri ábyrgð á eigin námi.
- Jafnrétti. Allt inntak kennslunnar miðast við að jafnrétti sé gætt í hvívetna t.d. hvað varðar orðalag og orðanotkun sem viðhöfð eru í kennslunni.
- Heilbrigði og velferð. Leitast er við að skapa jákvæðan bekkjaranda þar sem hlúð er að þroska og líðan hvers og eins. Reynt er að koma til móts við þarfir allra nemenda.
- Sköpun. Í stærðfræðinni er markvisst þjálfuð gagnrýn hugsun og til að uppgötva nýja leiðir við úrlausn verkefna. Reynt vekja forvitni þannig að nemendur takist á við áskoranir með opnum huga.

## Skipulag kennslunnar

Skali 1a og 1b, Skali 3a og 3b

Einstaklingsvinna að lang mestu leyti en eitthvað er um samvinnuverkefni. Próf í lok hvers kafla.

## Námsmat

Vinna í tímum og kaflapróf

## Enska 6. bekkur

---

*Kennari: Sigurður Jónsson*

120 mínútur á viku.

### Hæfniviðmið

- Hlustun - Skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt.
- Lesskilningur - lesið og skilið stutta texta með grunnorðforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum.
- Samskipti - Haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðforða og kann að beita algengustu kurteisvenjum.
- Frásögn - Í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum.
- Ritun - Skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki.
- Menningarlausni - Sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu.
- Námsþæfni - Sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf.

### Skipulag kennslunnar

Námsefni: Portfolio; Work Out, Yes we can, ýmsar smásögur, efni frá kennara (t.d. málfræðihefti, ritunarefni, lesefni), efni af netinu og ýmis kennsluforrit.



Nemendur vinna í vinnubókum ásamt öðru lesefni, gera gagnvirkar málfræðiæfingar, ritunarverkefni og hlustunaræfingar í kennslustundum og þurfa að vinna í verkefni heima ef þeir ná ekki að ljúka áætlun.

Aðallega er um einstaklingsvinnu að ræða en einnig eru unnin samvinnuverkefni.

## Grunnbættir menntunar

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla:

- **Heilbrigði og velferð**  
Að nemendur; 1) fái tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga 2) vinna í textum tengdum heilbrigði og 3) þurfa að tjá sig um sínar skoðanir.
- **Jafnrétti**  
Að nemendur þjálfist í samvinnu og læri að hlusta á og virða framlag annarra.
- **Lýðræði og mannréttindi**  
Að nemendur hafi val um ýmislegt sem við kemur verkefnavinnu og geta þá valið eftir áhugasviði.
- **Læsi**  
Að nemendur; 1) geti lesið einfalda texta um efni sem tengist þekktum aðstæðum eða áhugamálum, 2) geti notað hugtök sem unnið hefur verið með og tjáð sig um einföld efni í ræðu og riti og 3) öðlast betri færni í að lesa texta á ensku og að skrifa niður hugsanir frá sjálfum sér.
- **Sjálfbærni**  
Að nemendur; 1) átti sig á mikilvægi hvers og eins í að skapa samábyrgt samfélag, 2) læra að þau eru ábyrg fyrir sinni hegðun í kennslustundum og fyrir sinni vinnu.
- **Sköpun**  
Að nemendur 1) fái tækifæri til að nota ensku á skapandi hátt og nýti fjölbreytta hæfileika sína við úrlausn verkefna, og 2) vinna ýmis verkefni þar sem reynir á sköpun (t.d. veggspjöld, sögugerð og önnur textagerð, stafræn verkefni).

## Námsmat

Kannanir, verkefni og vinna í tímum.

## Enska 8. og 10. bekkur

*Kennari: Sigurður Jónsson*

120 mínútur á viku.

## Hæfniviðmið

- Hlustun

Skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega

- Lesskilningur

Lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum,

- Samskipti

Sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisvenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði.

- Frásögn

Tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval.

- Ritun

Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki.

- Menningarlæsi

sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og getur sett sig í þeirra spor.

- Náms hæfni

sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf.

## Skipulag kennslunnar

Námsefni: *Spotlight 8*, og *Spotlight 10*, lesbækur, efni frá kennara (t.d. málfræðihefti, ritunarefni, lesefni), efni af netinu og valdar kvikmyndir.

Nemendur vinna í *Spotlight*, textabók og verkefnabók ásamt öðru lesefni, gera gagnvirkar málfræðiæfingar, ritunarverkefni og hlustunaræfingar í kennslustundum og þurfa að vinna í verkefni heima ef þeir ná ekki að ljúka áætlun.

Samvinnuverkefni eru unnin. Kennari ákveður viðfangsefni en nemendur hafa frjálssar hendur varðandi efnistöð og framsetningu.

## Grunnþættir menntunar

- Heilbrigði og velferð

Að nemendur; 1) fái tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga 2) vinna í textum tengdum heilbrigði og 3) þurfa að tjá sig um sínar skoðanir.

- Jafnrétti

Að nemendur þjálfist í samvinnu og læri að hlusta á og virða framlag annarra.

- Lýðræði og mannréttindi

Að nemendur hafi val um ýmislegt sem við kemur verkefnavinnu og geta þá valið eftir áhugasviði. Svo eru stærri verkefni sem nemendur vinna út frá áhugasviði.

- **Læsi**  
Að nemendur; 1) geti lesið einfalda texta um efni sem tengist þekktum aðstæðum eða áhugamálum, 2) geti notað hugtök sem unnið hefur verið með og tjáð sig um einföld efni í ræðu og riti og 3) öðlast betri færni í að lesa texta á ensku og að skrifa niður hugsanir frá sjálfum sér.
- **Sjálfbærni**  
Að nemendur; 1) átti sig á mikilvægi hvers og eins í að skapa samábyrgt samfélag, 2) læra að þau eru ábyrg fyrir sinni hegðun í kennslustundum og fyrir sinni vinnu og 3) þurfa að takast á við ýmis álitamál og önnur mál sem upp koma.
- **Sköpun**  
Að nemendur 1) fái tækifæri til að nota ensku á skapandi hátt og nýti fjölbreytta hæfileika sína við úrlausn verkefna, og 2) vinna ýmis verkefni þar sem reynir á sköpun (t.d. veggspjöld, sögugerð og önnur textagerð, og stafræn skil)

## Námsmat

Kaflapróf, verkefni og vinna í tímum

## Danska 6.bekkur

### *Kennari: Jóhannes Guðbjörnsson*

Nemendur fá 3 x 40 mínútna kennslustundir á viku.

### Hæfniviðmið

- **Hlustun:**  
Skilið skýrt talað mál um efni sem tengist honum sjálfum, áhugamálum og daglegu lífi. Geti hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum og nýtt sér í verkefnavinnu. Hlustað á efni í fjölmiðlum sér til gagns/ánægju, s.s. kvikmyndir, tónlist, sjónvarpsefni.
- **Lesskilningur:**  
Geti lesið auðlesna texta sér til gagns og ánægju og fundið lykilupplýsingar sem nýtast í verkefnavinnu. Lesið sér til gagns lengri texta s.s. smásögur, skáldsögur við hæfi unglinga.
- **Samskipti:**  
Geti beitt málinu í samræðum um efni sem hann þekkir, geti bjargað sér við algengar aðstæður sem ferðamaður í Danmörku og beitt algengustu kurteisisvenjum og látbraði til að gera sig skiljanlegan. Tjáð sig um eigin reynslu og áhugamál.
- **Frásögn:**  
Geti lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista og mynda. Geti flutt einfalda, undirbúna kynningu á verkefnum. Geti tjáð sig um og kynnt efni sem hefur verið unnið með.
- **Ritun:**  
Geti skrifað samfelldan texta af mismunandi gerðum um efni sem hann þekkir og notað algengustu tengiorð og greinamerki.
- **Menningarlæsi:**  
Þekki til siða og hefða í Danmörku og geti borið saman við eigin menningu. Átti sig á skyldleika danska og íslenska tungumálsins. Þekki til bókmennta, tónlistar og þekktra Dana.
- **Námshæfni:**

Geti sett sér nokkuð raunhæf markmið, nýtt sér hjálpartæki s.s uppflertirit, orðabækur, veforðasöfn og leitarvél. Geti beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt. Geti beitt margvíslegum námsaðferðum til að auðvelda sér skilning á texta.

## Skipulag kennslunnar

Kennslan er skipulögð með fjölbreytta kennsluhætti í huga. Einstaklingsnám, samvinnunám, paravinna, hópvinna. Kennari talar dönsku sem mest í tímum og áhersla á alls konar verkefni sem reyna á málnotkun.

Námsgögn

*Start lesbók og opgavebog, og léttlestrarbækur, Auk þess verður unnið með verkefni af veraldarvefnum, danska fjölmiðla, danskar kvikmyndir og danska tónlist.*

